

Fundarnúmer:	534
Dagsetning:	17.03.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

534. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 17. mars 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

534. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 17. mars 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar SSNV frá 12. febrúar sl.
2. Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Erindi slökkviliðsstjóra Brunavarna Húnaþings vestra.
4. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
5. Erindi Aðalheiðar Böðvarsdóttur. Beiðni um áframhaldandi leigu á Barnaskóla Staðarhrepps.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 12. febrúar sl. Guðný Helga Björnsdóttir skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
2. Lögð fram til kynningar skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt greinargerð. Samþykkt að vísa skólamálastefnunni til fræðsluráðs og skólastjórnenda grunnskóla og leikskóla.
3. Erindi slökkviliðsstjóra Brunavarna Húnaþings vestra lagt fram. Í erindinu er þess óskað að Húnaþing vestra veiti slökkviliðsstjóra og tveimur varaslökkviliðsstjórum stuðning í meiraprófsnámi. Sveitarstjóra falið að fara yfir málið með slökkviliðsstjóra.
4. Fram lagt aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Aðalfundurinn verður haldinn þann 4. apríl nk. kl. 15:30 á Hilton Reykjavík Nordica Hotel. Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum.
5. Erindi Aðalheiðar Böðvarsdóttur og Þorsteins Sigurjónssonar lagt fram. Í erindinu óska þau eftir áframhaldandi leigu á húsnaði Barnaskóla Staðarhrepps. Byggðarráð samþykkir að leigja Aðalheiði og Þorsteini skólahúnaðið til eins árs og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi á líkum nótum og verið hefur.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:00

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarsson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Þ. Karl Eggertsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).